

Hlíðaskóli: Ytra mat



Ágúst 2016

Ritun skýrslu:

Dröfn Rafnsdóttir

Guðrún Edda Bentsdóttir

Hrund Logadóttir

Nanna Kristín Christiansen

Sigrún Harpa Magnúsdóttir, ritstjóri

Una Björg Bjarnadóttir

Valgerður Erna Þorvaldsdóttir

Töflur og myndir:

Sara Björk Ólafsdóttir

INNGANGUR	5
Hlíðaskóli	6
Stefna skólans	6
Árangur og líðan nemenda – yfirlit	6
SAMANTEKT – GREINING Á SKÓLASTARFI Í HLÍÐASKÓLA	8
STJÓRNUN - SAMANTEKT	11
Fagleg forysta	11
Stefnumótun og skipulag	13
Samskipti heimila og skóla	14
NÁM OG KENNSLA - SAMANTEKT	15
Nám og námsaðstæður	15
Þátttaka og ábyrgð nemenda	17
Skóli án aðgreiningar	18
Vettvangsheimsóknir í Hlíðaskóla	20
Hlíðaskóli – Yfirlit.....	24

Myndir:

Mynd 1: Vinna í 45 kennslustundum, einstaklingsvinna eða samvinna.....	21
Mynd 2: Notkun tölvu- og upplýsingatækni í 45 kennslustundum í Hlíðaskóla.....	22
Mynd 3: Voru markmið kennslustundarinnar kynnt fyrir nemendum?	22

Töflur:

Tafla 1: Samræmd könnunarpróf, niðurstöður Hlíðaskóla 2009-2015.	7
Tafla 2: Niðurstöður Hlíðaskóla í Lesskimun og Talnalykli 2005-2015.	7
Tafla 3: Kennsluaðferðir notaðar í 45 kennslustundum í Hlíðaskóla.....	20
Tafla 4: Val á verkefnum í 45 kennslustundum í Hlíðaskóla.....	20
Tafla 5: Val á útfærslu í 45 kennslustundum í Hlíðaskóla.....	21
Tafla 6: Mat á 45 kennslustundum í Hlíðaskóla.	23

INNGANGUR

Í þessari greinargerð er fjallað um niðurstöður ytra mats á námi í Hlíðaskóla sem fór fram í lok apríl 2016. Matið var framkvæmt af starfsfólki í stýrihópi um heildarmat skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Teymið var skipað sérfræðingum frá tölfraði- og rannsóknþjónustu, fagskrifstofu grunnskóla og frístundastarfs og mannauðsþjónustu skóla- og frístundasviðs.

Ákveðið var á skóla- og frístundasviði að Hlíðaskóli yrði einn af þeim skólum sem færu í ytra mat skólaárið 2015-2016. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum en auk þess var farið yfir ýmis gögn skólans. Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Kannanir voru lagðar fyrir nemendur í 6. og 9. bekk, starfsmenn og foreldra. Í könnun foreldra var svarhlutfallið 65%, hjá starfsmönnum var svarhlutfall 68% og hjá nemendum 93%.

Leiðarljós við matið er: ***Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.***

Matið er leiðbeinandi og umbótamiðað og markmið þess er að:

- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi.
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum.
- Aðstoða skóla við að efla skólastarfið í ljósi innra og ytra mats og styrkja innviði skólans.
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum.

Matið er liður í því að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Viðmiðin sem notuð voru til að leggja mat á skólastarfið voru útbúin fyrir þróunarverkefni um ytra mat mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 2012 og eru fyrst og fremst byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Viðmiðin voru aðlöguð að stefnu og starfsáætlun Reykjavíkurborgar á skóla- og frístundasviði árið 2014. Þau eru birt á heimasíðu skóla- og frístundasviðs undir yfirskriftinni mat á skólastarfi:

http://reykjavik.is/sites/default/files/vidmid_um_gaedi_i_skolastarfi.pdf

Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd

- Skýrsla gerð um ytra mat í Hlíðaskóla.
- Skýrslan afhent skólastjórnendum á fundi með skrifstofustjóra grunnskólahluta á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Skólastjórnendur fá tækifæri til að koma með athugasemdir sem tekið er tillit til við lokagerð.
- Niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna, fulltrúum foreldra og fulltrúum frá þjónustumiðstöð er boðið að sækja þann fund.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins og skilar til grunnskólahluta fagskrifstofu á skóla- og frístundasviði.

Frekari eftirfylgni:

- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá skóla- og frístundasviði eða þjónustumiðstöðvum.

HLÍÐASKÓLI

Hlíðaskóli er heildstæður grunnskóli með nemendum í 1. – 10. bekk. Hann hóf starfsemi sína árið 1960 í því skólahúsnæði sem hann er starfræktur í en árið 1991 var hafist handa við byggingu nýs áfanga við skólann og nýtt húsnæði formlega vígt árið 1994. Árið 1999 hófst samvinna milli Hlíðaskóla og Vesturhlíðarskóla með námslega og félagslega blöndun nemenda beggja skólanna í huga. Skólarnir voru sameinaðir og í kjölfar þess var ráðist í byggingu 1900 fermetra húsnæðis við skólann sem tekið var í notkun árið 2005. Sameining skólanna tók hins vegar formlega gildi 1. ágúst 2003. Skólastjóri Hlíðaskóla varð þar með skólastjóri sameinaðs skóla.

Skólastjóri er Krístrún Guðmundsdóttir og aðstoðarskólastjóri er Aðalheiður Bragadóttir. Í Hlíðaskóla voru 455 nemendur í 1.- 10. bekk þann 1. október 2015. Skólaárið 2015-2016 voru starfsmenn Hlíðaskóla í 72,2 stöðugildum, þar af kennarar í 42,9 stöðugildum. Samkvæmt þessu eru um 6,3 nemendur á hvert stöðugildi sem er lægra en meðaltal í borginni í heild (7,7).¹ Ef aðeins er miðað við kennara í skólanum eru 10,6 nemandi á hvert stöðugildi sem er einnig lægra en hlutfall nemenda á kennara á landsvísi að meðaltali (12,9).²

STEFNA SKÓLANS

Í upplýsingum um stefnu skólans kemur fram að Hlíðaskóli leggur áherslu á einstaklingsmiðað nám með jafnan rétt allra barna að leiðarljósi. Vel er hlúð að list- og verkgreinakennslu og rík hefð er fyrir uppsetningu söngleikja hjá öllum árgöngum. Tónlistaruppeldi skipar ríkan sess í skólastarfinu og umhverfismennt er í hávegum höfð. Árlega eru útivistardagar í Öskjuhlíð en þar á skólinn grenndarskóg. Nemendur vinna í kjölfarið margþætt verkefni sem tengjast náttúrufari, gróðri, dýralífi og sögu.

Hlíðaskóli skilgreinir sig sem tvítyngdan skóla þar sem íslenska og táknmál heyrnarlausra eiga að vera jafnréttá. Í skólanum er starfrækt táknmálssvið sem veitir heyrnarskertum og heyrnarlausum nemendum sérhæfða kennslu og þjónustu þar sem nemendur blandast út í almenna bekk.

Einkunnarorð skólans, ábyrgð, virðing og vinsemd eru leiðarljós í öllu starfi Hlíðaskóla en einkunnarorðin voru innleidd haustið 2007 í tengslum við SMT skólafærni (School Management Training). Markmiðið var að hafa jákvætt agakerfi sem miðar að því að skapa gott andrúmsloft og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Aðferðin leggur áherslu á leiðir til að koma í veg fyrir og draga úr hegðunarvanda með því að kenna og þjálfra félagsfærni, umbuna fyrir æskilega hegðun og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna hegðunarfrávik.

ÁRANGUR OG LÍÐAN NEMENDA – YFIRLIT

Árangur nemenda í Hlíðaskóla í samræmdum prófum árið 2015 hélst svipaður og árin áður og var oftast yfir meðaltali skóla í Reykjavík. Í meðfylgjandi töflu eru niðurstöður samræmdra könnunarprófa í Hlíðaskóla bornar saman við aðra skóla í Reykjavík frá árinu 2010-2015.

¹ Skv. upplýsingum í Skólaskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga 2015.

² Skv. upplýsingum í Skólaskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga 2015.

Tafla 1: Samræmd könnunarpróf, niðurstöður Hlíðaskóla 2009-2015.

Samræmd könnunarpróf - meðaltöl og framfarastuðlar											
	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
4. bekkur											
Íslenska	31,3	29,9	34,5	31,3	31,3	28,4	30,8	34,9	32,2	31	32,5
Reykjavík	30,9	30,6	30,4	30,3	31,3	31,2	30,4	30,5	31,0	30,5	30,9
Stærðfræði	30,8	25,9	36,2	30,6	30,4	30,5	28,9	31,1	33,5	29,2	31,6
Reykjavík	30,0	30,2	30,0	30,0	30,4	30,5	29,7	29,9	30,7	30,3	30,8
7. bekkur											
Íslenska	34,0	29,5	34,7	33,1	32,5	37,3	34,1	33,8	31,2	30,1	33,2
Reykjavík	31,2	30,6	30,5	30,4	31,3	30,8	30,8	30,6	30,8	31,3	30,7
Stærðfræði	34,3	32,5	33,9	32,9	31,5	36,9	31,5	31,7	31,2	27,5	30,1
Reykjavík	31,1	30,5	30,6	30,8	31,0	30,4	30,9	30,5	30,7	31,4	30,4
10. bekkur											
Íslenska	35,7	35,6	34,2	33,7	29,3	33,5	32,5	32,9	35,9	33,3	32,6
Reykjavík	31,8	30,4	30,7	31,3	31	30,6	30,8	31,1	31,2	31,1	31,2
Stærðfræði	35,1	36,4	33,9	31,9	28,6	30,7	32,9	31,4	33,0	29,2	32
Reykjavík	31,3	30,3	30,6	31,4	30,9	30,9	30,9	31,1	30,3	30,9	31,3
Enska				31,4	32,3	31,1	32,6	33,4	33,8	32,8	32,2
Reykjavík				32,1	31,7	31,0	31,3	31,1	31,2	31,5	31,6

Á tímabilinu 2010-2015 var skólinn sextán sinnum yfir meðaltali í íslensku og tvisvar sinnum undir meðaltali en það var árin 2010 í 4. bekk og 2014 í 7. bekk.

Í stærðfræði var skólinn ellefu sinnum yfir meðaltali og sjö sinnum undir meðaltali. Það var í 4. bekk árin 2014, 2011 og 2010, í 7. bekk árin 2015 og 2014 og í 10. bekk árin 2014 og 2010.

Í ensku var skólinn alltaf yfir meðaltali skóla í Reykjavík, árin 2010-2015.

Hlutfall nemenda sem les sér til gagns samkvæmt lesskimun í 2. bekk í Hlíðaskóla, hefur verið um eða yfir meðaltali skóla í Reykjavík síðustu ár. Árið 2015 gátu 64% nemenda sem tóku þátt, lesið sér til gagns, eins og meðaltal var í skólum Reykjavíkur. Árið 2014 gátu 71% nemenda í 2. bekk Hlíðaskóla lesið sér til gagns (í Reykjavík 66%) en árið 2013 lækkaði það í 61% í Hlíðaskóla en var þá 66% í skólum Reykjavíkur. Árin 2013-2010 var Hlíðaskóli yfir meðaltali skóla í Reykjavík í lesskimun.

Hlutfall nemenda sem eingöngu þurftu að fara í gegnum 1. þrep í stærðfræðiskimun í Talnalykli var töluvert undir meðaltali skóla í Reykjavík árið 2015, eða 40%. Árið 2014 var það hins vegar yfir meðaltali, 80% í Hlíðaskóla en 73% að meðaltali í skólum Reykjavíkur. Árið 2013 var það svo aftur undir meðaltali árið 2013 og því nokkur sveifla á niðurstöðum Talnalykils í Hlíðaskóla síðustu ár.

Tafla 2: Niðurstöður Hlíðaskóla í Lesskimun og Talnalykli 2005-2015.

Lesskimun og Talnalykill											
	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Lesskimun 2. bekkur											
Hlutfall sem les sér til gagns	59%	76%	62%	67%	62%	69%	82%	72%	61%	71%	64%
Reykjavík	60%	65%	66%	67%	69%	67%	71%	69%	66%	66%	64%
Talnalykill 3. bekkur											
Hlutfall sem tekur bara 1. hluta		71%	74%	59%	87%	55%	53%	91%	53%	80%	40%
Reykjavík		69%	68%	66%	69%	72%	74%	76%	75%	73%	71%

Í könnun Skólalánsins 2016 mældust nemendur í Hlíðaskóla yfir landsmeðaltali á sjálfsáliti með 5,2, en landsmeðaltal var 5,1. Vellíðan mældist einnig yfir landsmeðaltali, 5,1 í Hlíðaskóla þegar landsmeðaltal var 5,0.

STYRKLEIKAR

Samskipti innan skólans einkennast almennt af jákvæðni og virðingu. Skólinn hefur mótað einkunnarorð sem eru sýnileg og allir innan skólans þekkja, ábyrgð, virðing og vinsemd. Skipurit sem endurspeglar fyrirkomulag stjórnunar liggur fyrir og starfslýsingar eru til fyrir nær alla starfsmenn. Samstarf stjórnenda er gott og þeir skipta með sér verkum. Starfsmannafundir eru reglulega boðaðir með dagskrá og teymisfundir eru í hverri viku. Allir kennarar taka virkan þátt í vinnu við nýja skólanámskrá sem er langt komin og vinna saman í teyrum innan stiga. Samstarf kennara gengur almennt vel.

Starfsáætlun er birt á heimasíðu skólans, hún er uppfærð árlega, kynnt skólaráði og lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar. Skólaráð fundar reglulega og virkt foreldrafélag er starfandi við skólann. Skólareglur eru sýnilegar á veggjum skólans og þær byggja á hugmyndafræði SMT um skólafærni.

Í Hlíðaskóla er unnið að fjölbreyttum þróunarverkefnum og vilji er til skólaþróunar. Stjórnendur taka vel í óskir og tillögur kennara um símenntun og sú símenntun sem er í boði miðar að því að efla kennara í starfi, t.d. varðandi nýtt námsmat. Skóladagur nemenda er samfelldur og heildar tímafjöldi er í samræmi við viðmiðunarstundaskrá. Nemendahópar eiga sameiginlega tíma á töflu og þannig kost á samvinnu og boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar á unglingastigi sem birtar eru á heimasíðu skólans. Leiklist, dans, tónmenntakennsla og táknmál setur sterkan svip á skólann. Samstarf við frístundaheimili og félagsmiðstöð er gott og stjórnendur þar funda reglulega með skólastjórnendum. Nemendur eiga þess kost að stunda frístundastarf og tómstundir sem hluta af eða í framhaldi af skóladegi.

Árin 2010-2015 hefur árangur nemenda í samræmdum prófum oftast verið yfir meðaltali og alltaf yfir meðaltali í ensku. Hlutfall nemenda sem les sér til gagns samkvæmt lesskimun í 2. bekk í Hlíðaskóla hefur einnig verið um eða yfir meðaltali skóla í Reykjavík síðustu ár. Í niðurstöðum Skólapúlsins kom fram að nemendur í Hlíðaskóla telja sig hafa góða stjórn á eigin lífi og mældast með sjálfsálit og vellíðan yfir landsmeðaltali.

Skólabragur einkennist almennt af jákvæðum anda samstarfs og virðingar. Við matið voru 45 kennslustundir heimsóttar og metnar út frá viðmiðum um gæði í kennslustundum, 83% þeirra voru metnar góðar eða frábærar. Á vettvangi sást einnig að nokkuð fjölbreyttar leiðir voru notaðar til að hvetja og styðja við nám og áhersla var á bæði samvinnu og einstaklingsverkefni í kennslustundum. Námsumhverfi og aðbúnaður styður almennt vel við nám og þarfir nemenda og fjölbreytta kennsluhætti. Nemendur upplifa stuðning frá kennurum og telja að þeir leiðbeini þeim reglulega um hvernig þeim gæti gengið betur í náminu. Nemendur eru almennt ánægðir með nám sitt og finnst gaman að læra í skólanum. Markvisst er leitað eftir sjónarmiðum nemenda um nám og fyrirkomulag skólastarfs m.a. á skólaþingi sem er til fyrirmyndar og í nemendaráði sem fundar reglulega. Almennt er góður stuðningur við nemendur sem þurfa sérstaka aðstoð. Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning, þar er gerð grein fyrir markmiðum og leiðum og fram koma upplýsingar um styrkleika og veikleika nemandans. Einstaklingsnámskrár eru bornar undir foreldra og stuðningsfulltrúar hafa aðgang að öllum einstaklingsnámskrám sem tilheyra þeim börnum sem þeir vinna með. Skimanir og kannanir eru markvisst lagðar fyrir nemendur til að finna þá sem þurfa sérstakan stuðning í námi.

Hlíðaskóli skilgreinir sig sem tvítyngdan skóla þar sem íslenska og íslenskt táknmál eiga að vera jafnrétt há. Sýnilegt er að heyrnarlausir og heyrnarskertir nemendur stunda þar nám. Á táknmálssviði Hlíðaskóla er sérhæfð þekking meðal starfsmanna og samstarf er við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Túlkaþjónusta er notuð í samskiptum við foreldra með annað

móðurmál en íslensku (táknmál eða erlend tungumál). Í Hlíðaskóla hefur verið sérstaklega vel tekið á móti nemendum úr öðrum skólum og litið er á stuðning sem hluta af og eðlilegan þátt í skólastarfinu.



Framúrskarandi verklag: Skólinn hefur mótað einkunnarorð/gildi skólastarfsins sem allir aðilar skólasamfélagsins þekkja og skólaþing nemenda í 5.-10. bekk að hausti er góð leið til að virkja nemendur í lýðræðissamfélagi innan skólans.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Hlíðaskóli er stór og tækifæri liggja víða til að efla hann enn frekar.

Brýnt er að ljúka gerð skólanámskrá með samráði við hagsmunaaðila og birta ætti námsvísa og kennsluáætlanir á heimasíðu fyrir alla bekkir og allar námsgreinar. Birta ætti frekari upplýsingar um stoðþjónustu, þ.e. upplýsingar um sérkennslu og táknaðssvið, hlutverk þess og skipulag.

Æskilegt væri að stjórnendateymi fundaði reglulega og að verkaskipting stjórnenda væri vel kynnt fyrir starfsfólki. Stofna ætti formlegt matsteymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila. Vinna ætti umbótaáætlun út frá stefnu skólans og niðurstöðum innra/ytra mats í samvinnu við matsteymi innan skólans og birta á aðgengilegan hátt. Ræða ætti framkvæmd skólastefnu á starfsmannafundum og hvort markmiðum hafi verið náð.

Stjórnendur ættu að gera meira af því að fara í kennslustundir, fylgjast með námi og kennslu og veita kennurum og öðru starfsfólki markvissa endurgjöf. Birta ætti áætlun um móttöku nýrra starfsmanna á aðgengilegan hátt, gera formlega áætlun um móttöku nýrra nemenda, nemenda með sérþarfir, móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku og birta á heimasíðu. Gera þarf formlega símenntunaráætlun sem tekur mið af mikilvægum þáttum í umbótaáætlun.

Tækifæri liggja í því að birta á enn aðgengilegri hátt á heimasíðu hver einkenni skólans eru og setja ætti inn helstu upplýsingar um skólastarfið á fleiri tungumálum en íslensku. Bæta þarf upplýsingaflæði með því nota fjölbreyttari leiðir til að miðla upplýsingum til starfsfólks og nemenda, m.a. ætti að rita fundargerðir á starfsmanna- og kennarafundum og birta á aðgengilegan hátt. Tækifæri liggja í því að koma á auknu samstarfi við tónlistarskóla eða skólahljómsveit og skrá ætti verklag varðandi samstarf og upplýsingamiðlun við önnur skólastig og stofnanir í grenndarsamfélaginu.

Leggja ætti meiri áherslu á að kynna nemendum námsmarkmið og viðmið um árangur í stað markmiða um afköst og auka mætti áherslu á umræður nemenda, ígrundun og gagnrýna hugsun. Huga þarf að því að nemendur fáið við enn fjölbreyttari viðfangsefni og val um námsaðferðir. Bæta þarf tölvukost/spjaldtölvur skólans til að efla notkun upplýsinga- og samskiptatækni í skólastarfinu meðal nemenda.

Mikilvægt er að sérkennslu- og stuðningsteymi fundi reglulega og markvisst. Móta þarf sameiginlega sýn um skóla án aðgreiningar með þátttöku allra hagsmunaaðila skólans og með forystu skólastjórnenda. Mikilvægt er að skoða sérstaklega hóp nemenda sem eru heyrnarlausir eða heyrnarskertir þegar umræða um sýn skólans á skólastarf án aðgreiningar fer fram. Tryggja þarf að kennsla heyrnarlausra og heyrnarskertra nemenda sé fjölbreytt og að viðmið og markmið séu öllum nemendum ávallt ljós.

Tengja þarf einstaklingsnámskrár við bekkjarnámskrá eða aðalnámskrá til að draga fram samhengið milli markmiða, leiða, náms og kennsluaðferða og foreldrar og nemendur ættu að taka þátt í mótun eða áherslum einstaklingsnámskrár. Tryggja þarf að einstaklingsnámskrár séu gerðar fyrir nemendur af erlendum uppruna.

Hér á eftir eru niðurstöður ytra matsins settar fram í viðeigandi köflum, þar sem byrjað er á stjórnun, því næst er fjallað um nám og kennslu.

STJÓRNUN - SAMANTEKT

Viðmiðum um stjórnun í grunnskóla er skipt í þrjá meginkafla: *Faglega forystu, stefnumótun og skipulag, og samstarf heimila og skóla*.

Hér á eftir fer samantekt úr niðurstöðum Hlíðaskóla í hverjum kafla fyrir sig. Samantektin byggir á viðmiðum og vísbendingum um gæði í skólastarfi.³

FAGLEG FORYSTA

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: STJÓRNANDINN SEM LEIÐTOGI, STJÓRNUN STOFNUNAR, FAGLEGT SAMSTARF OG SKÓLAÞRÓUN

STYRKLEIKAR:

- Stefnan skólans er skýr og vel fram sett á heimasíðu.
- Skipurit er birt í starfsáætlun á heimasíðu og endurspeglar gildandi fyrirkomulag stjórnunar í skólanum.
- Starfslýsingar allra starfsmanna liggja fyrir.
- Stjórnendur skipta með sér verkum og samstarf þeirra er gott.
- Allir kennarar skólans eru með leyfisbréf sem grunnskólakennarar.
- Starfsmenn fara reglulega í starfsþróunarviðtöl og stjórnendur skipta viðtölunum á milli sín.
- Starfsmenn undirrita yfirlýsingu um trúnað í starfi.
- Unnið er eftir reglum um skjalastjórnun og upplýsingar um nemendur sem njóta stuðnings eru varðveittar í læstum hirslum.
- Einkunnarorð skólans eru sýnileg og markvisst er unnið með þau í skólastarfinu.
- Árlegt skólaping þar sem nemendum gefst færi á að ræða saman í hópum og koma með hugmyndir um skólastarfið er til fyrirmyndar.
- Samskipti innan skólans einkennast almennt af jákvæðni og virðingu.
- Starfsmannafundir eru reglulega boðaðir með dagskrá.
- Teymisfundir eru í hverri viku.
- Stjórnendur fá greinargerð frá vikulegum stigsfundum.
- Samstarf við frístundaheimili og félagsmiðstöð er gott og stjórnendur þar funda reglulega með skólastjórnendum.
- Unnið er að fjölbreyttum þróunarverkefnum og vilji er til skólaþróunar.
- Stjórnendur taka vel í óskir og tillögur kennara um símenntun.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Stjórnendur ættu að gera meira af því að fara í kennslustundir, fylgjast með námi og kennslu og veit kennurum og öðru starfsfólki markvissa endurgjöf.
- Æskilegt væri að stjórnendateymi fundaði reglulega og að verkaskipting stjórnenda væri betur kynnt fyrir starfsfólki.
- Skrá ætti menntun og sérhæfingu starfsmanna og birta á heimasíðu.
- Brýnt er að afla upplýsinga frá Sakaskrá við ráðningu nýrra starfsmanna.
- Stofna ætti formlegt matsteymi um innra mat með fulltrúum allra hagsmunaaðila, s.s. starfsfólks, nemenda og foreldra.
- Birta ætti umbótaáætlun t.d. í starfsáætlun eða á heimasíðu

³ <http://reykjavik.is/vidmid-um-gaedi-i-skolastarfi-fyrir-ytra-mat-grunnskolum>

- Gera þarf formlega símenntunaráætlun þar sem fram kemur hvaða fræðsla er í boði, hvenær og fyrir hverja hún er ætluð.
- Í vísir af símenntunaráætlun er tekið mið af mikilvægum þáttum í umbótaáætlun.
- Birta ætti áætlun um meðferð eineltis- og ágreiningsmála í starfsmannahópnum á aðgengilegan hátt á heimasíðu skólans.
- Leita þarf allra leiða til að halda rekstri skólans innan fjárheimilda.
- Nýta mætti heimasíðu betur til að miðla fréttum af góðum árangri nemenda innan og utan skóla.
- Leita þarf áfram leiða til að tryggja að allir starfsmenn hafi tækifæri til að taka virkan þátt í skólasamfélaginu og upplifa sig sem hluta af heild.
- Rita ætti fundargerðir á starfsmanna- og kennarafundum og birta á aðgengilegan hátt.
- Skoða hvort hægt er að koma á auknu samstarfi við tónlistarskóla eða skólahljómsveit.
- Skrá ætti verklag varðandi samstarf og upplýsingamiðlun við önnur skólastig og stofnanir í grenndarsamfélaginu.
- Bæta þarf upplýsingaflæði og skoða fjölbreyttari leiðir til að miðla upplýsingum til starfsfólks og nemenda.

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: STARFSÁÆTLUN OG SKÓLANÁMSKRÁ, SKÓLADAGUR NEMENDA OG VERKLAGSREGLUR OG ÁÆTLANIR

STYRKLEIKAR

- Starfsáætlun uppfyllir kröfur sem gerðar eru skv. aðalnámskrá og er birt á heimasíðu skólans.
- Menntastefna skólans birtist í skólanámskrá.
- Hæfniviðmið fyrir hverja námsgrein hafa verið gerð í drögum skólanámskrár.
- Skóladagur nemenda er heildstæður og tímafjöldi er í samræmi við viðmiðunarstundaskrá.
- Nemendahópar eiga sameiginlega tíma á töflu og þannig kost á samvinnu.
- Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar á unglingastigi.
- Nemendur eiga þess kost að stunda frístundastarf og tómstundir sem hluta af eða í framhaldi af skóladegi.
- Skólinn hefur mótað samskiptareglur út frá hugmyndafræði SMT og markvisst er unnið með gildin ábyrgð, virðing og vinsemd í skólastarfinu.
- Skólareglur eru yfirfarnar og endurskoðaða með þátttöku nemenda á skólaþingi á haustin og eru sýnilegar í skólanum.
- Áætlun um kannanir og skimanir til að finna hvaða nemendur þurfa aðstoð í námi liggur fyrir.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Brýnt er að ljúka gerð skólanámskrár með samráði við hagsmunaaðila og birta á heimasíðu.
- Birta námsvísa og kennsluáætlanir á heimasíðu fyrir alla bekkir og allar námsgreinar.
- Ræða framkvæmd skólastefnu á starfsmannafundum og hvort markmiðum hafi verið náð.
- Tækifæri liggja í að móta hvernig grunnþættir birtast í einstökum námssviðum.
- Tækifæri liggja í því að birta á enn markvissari hátt hver einkenni skólans eru.
- Gagnlegt væri að birta í starfsáætlun tímafjöldi einstakra greina til að tryggja samræmi við viðmiðunarstundaskrá og til upplýsinga, m.a. fyrir foreldra um hvert fyrirkomulag skiptingunnar er.
- Gera upplýsingar um frístundastarf, tómstundir og samstarf við grenndarsamfélagið aðgengilegt á heimasíðu.
- Gera þarf forvarnaráætlun og birta á aðgengilegan hátt, t.d. á heimasíðu.
- Birta ætti frekari upplýsingar um stoðþjónustu, þ.e. upplýsingar um sérkennslu og táknmálssvið, undir einum lið
- Kynna ætti heildaráætlun um sérstakan stuðning við nemendur í skóla án aðgreiningar betur fyrir starfsfólki.
- Æskilegt væri að í áætlun um kannanir og skimanir, til að finna hvaða nemendur þurfa aðstoð í námi, kæmi fram hvaða úrræði eru þegar niðurstöður liggja fyrir.
- Gera þarf formlega áætlun um móttöku nýrra nemenda, móttöku nýrra nemenda með sérþarfir og móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku og birta á heimasíðu.

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: SKÓLARÁÐ OG FORELDRAFÉLAG, ÞÁTTTAKA FORELDRA Í SKÓLASTARFI OG UPPLÝSINGAMIÐLUN

STYRKLEIKAR

- Skólaráð fundar reglulega, fundir eru boðir með dagskrá og fundargerðir birtar á heimasíðu.
- Virkt foreldrafélag er starfandi við skólann.
- Stjórnendur funda reglulega með stjórn foreldrafélagsins.
- Fulltrúar foreldra í skólaráði eru kosnir með lýðræðislegri kosningu á aðalfundi foreldrafélagsins.
- Fulltrúar nemenda eru virkir þátttakendur í skólaráði.
- Foreldrafélagið fær afnot af húsnæði skólans til að standa fyrir fræðslukvöldum og viðburðum.
- Foreldrum er boðið upp á námskynningu að hausti þar sem námsefni vetrarins er kynnt.
- Túlkaþjónusta er notuð í samskiptum við foreldra með annað móðurmál en íslensku (táknmál eða erlend tungumál).
- Foreldrum er boðið að koma á ýmsa viðburði í skólanum, t.d. á sýningar í tengslum við þemaverkefni, söngleiki og leiksýningar, kynningu á lokaverkefni í 10. bekk og opið hús.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Kynna ætti starfsáætlun og vinnureglur skólaráðs fyrir meðlimum þess.
- Æskilegt væri að foreldrafélagið setti sér starfsreglur og birti á heimasíðu.
- Kjósa ætti fulltrúa nemenda, kennara, starfsmanna og foreldra í skólaráð með lýðræðislegri kosningu.
- Kynna ætti betur fyrir foreldrum hvernig unnið er með niðurstöður kannana eða „þrjár stjórnur og eina ósk“.
- Setja ætti inn helstu upplýsingar um skólastarfið á heimasíðu á fleiri tungumálum en íslensku.

NÁM OG KENNSLA - SAMANTEKT

Í viðmiðum um nám og kennslu í grunnskóla er fjallað um nám og námsaðstæður, þátttöku og ábyrgð nemenda og námsaðlögun.

Hér á eftir fer samantekt úr niðurstöðum Hlíðaskóla í hverjum kafla fyrir sig. Samantektin byggir á viðmiðum og vísbendingum um gæði í skólastarfi.⁴

NÁM OG NÁMSAÐSTÆÐUR

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: INNTAK OG ÁRANGUR, SKIPULAG NÁMS OG NÁMSUMHVERFI, KENNSLUHÆTTIR OG GÆÐI KENNSLU, NÁMSHÆTTIR OG NÁMSVITUND

STYRKLEIKAR

- Árangur nemenda í Hlíðaskóla í samræmdum prófum hefur oftast verið yfir meðaltali árin 2010-2015.
- Nemendur í Hlíðaskóla hafa alltaf verið yfir meðaltali skóla í Reykjavík í ensku, árin 2010-2015.
- Hlutfall nemenda sem les sér til gagns samkvæmt lesskimun í 2. bekk í Hlíðaskóla hefur verið um eða yfir meðaltali skóla í Reykjavík síðustu ár.
- Nemendur í Hlíðaskóla telja sig hafa góða stjórn á eigin lífi, þegar horft er til niðurstaðna Skólapúlansins.
- Í drögum skólanámskrár er búið að setja fram hæfniviðmið við lok 4., 7. og 10. bekkjar fyrir flestar greinar.
- Í drögum skólanámskrár hefur verið útfært hvernig grunnþættir menntunar endurspeglast í starfsháttum skólans, samskiptum og skólabrag.
- Stigvaxandi kröfur og samfella er í námi nemenda.
- Á heimasíðu eru tilkynningar og fréttir reglulega uppfærðar.
- Nemendur úr þremur leikskólum koma í heimsókn í Hlíðaskóla á hverju ári.
- 83% kennslustundirnar voru metnar frábærar eða góðar.
- Námsumhverfi og aðbúnaður styðja almennt vel við nám og þarfir nemenda.
- Markmið og tilgangur heimanáms virðast vel kynnt foreldrum og nemendum.
- 90% nemenda eru mjög eða frekar sammála því að þeir fái aðstoð þegar þörf er á.
- Flestir kennarar lögðu sig fram um að vekja og viðhalda áhuga nemenda og fagþekking þeirra var oftast sýnileg.
- Kennsluhættir voru nokkuð fjölbreyttir og unnið var að samþættum og heildstæðum verkefnum.
- Áhersla var á bæði samvinnu og einstaklingsverkefni.
- Góður stuðningur var við nemendur sem þurfa sérstaka aðstoð.
- Hlíðaskógur í Öskjuhlíð er vel nýttur í námi nemenda.
- Góð dæmi um markmiðssetningu sáust á vettvangi.
- Nemendur eru almennt ánægðir með nám sitt, finnst gaman að læra í skólanum og telja að þeim gangi vel í náminu (68-87% nemenda).
- Valgreinar nemenda í unglingadeild eru fjölbreyttar, aðgengilegar og birtar á heimasíðu skólans.

⁴ <http://reykjavik.is/vidmid-um-gaedi-i-skolastarfi-fyrir-ytra-mat-grunnskolum>

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Klára þarf endurskoðun skólanámskrár í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og birta á heimasíðu skólans.
- Setja fram kafla um stoðþjónustu, hlutverk tákmalssviðs og skipulag.
- Hæfniviðmið, matskvarða og námsmat á að birta í skólanámskrá.
- Gera náms- og kennsluáætlanir í samræmi við nýjar áherslur aðalnámskrár og birta nemendum.
- Gera ætti grunnþáttum menntunar skil í námsvísun.
- Leiklist, dans, tónmennt og tákmal setja sterkan svip á skólann en tækifæri eru til að leggja meiri áherslu á einkenni hans, m.a. á heimasíðu
- Birta upplýsingar um stöðu verkefnisins grænu skrefin í Hlíðaskóla, á heimasíðu.
- Skrá ætti samstarf um nám milli skólastiga og ferla þess með markvissari hætti.
- Auka mætti áherslu á umræður nemenda, ígrundun og gagnrýna hugsun.
- Leita leiða til að auka val nemenda um námsaðferðir eða viðfangsefni.
- Leggja ætti meiri áherslu á að kynna nemendum námsmarkmið og viðmið um árangur í stað markmiða um afköst.
- Leita leiða til að auka ánægju og áhuga þess hluta nemendahópsins sem er ekki ánægður samkvæmt könnun nemenda í 6. og 9. bekk.
- Auka ætti fjölbreytni og sveigjanleika í námsumhverfi unglingastigs, m.a. með fjölbreyttari uppröðun borða, nýtingu bókasafns, ganga eða annarra rýma.
- Bæta þarf tölvukost/spjaldtölvur skólans og efla notkun upplýsinga- og samskiptatækni í skólastarfinu meðal nemenda.

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: LÝÐRÆÐISLEG VINNUBRÖGÐ OG ÁBYRGÐ OG ÞÁTTTAKA

STYRKLEIKAR

- Skólabragur einkennist almennt af jákvæðum anda samstarfs og virðingar.
- Nemendaráðið fundar reglulega, dagskrá er send út og fundargerð er skráð.
- Nemendur voru ánægðir með leiðbeiningar forstöðumanns félagsmiðstöðvar um fyrirkomulag nemendaráðs.
- Markvisst er leitað eftir sjónarmiðum nemenda um nám og fyrirkomulag skólastarfs, á skólaþingi, bekkjarfundum, í nemendaráði, skólaráði og með könnunum.
- 90% nemenda sem tóku þátt í könnun sögðu að kennarar hlusti á þá og veiti því athygli sem þeir segja.
- Áhersla er á leiklistarkennslu þar sem nemendur fá tækifæri til að koma fram, leika og syngja.
- Foreldrar fá kynningu á námi vetrarins á hverju hausti og hafa aðgang að verkefnalýsingum inn á Mentor.
- Hluti af námi í Byrjendalæsi er að nemendur vinni sjálfsmat.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Gera ætti fundargerði nemendafélagsins aðgengilegar öllum nemendum.
- Huga vel að því hvernig nemendur eru valdir í nemendaráð.
- Leita leiða til að koma til móts við nemendur sem telja að þeir geti ekki komið skoðun sinni á því hvernig bæta megi námið, á framfæri.
- Auka áherslu á að nemendur þjálfist í að koma fram í kennslustundum.
- Leita leiða til að virkja og kenna nemendum að setja sér námsmarkmið og að vinna samkvæmt þeim.
- Tryggja að markmið kennslustunda séu nemendum ljós, svo og viðmið um námsárangur.
- Tryggja að allir foreldrar fái skýrar upplýsingar um námsárangur.

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: MENNING OG VIÐHORF, NÁMSKRÁ OG ÁÆTLANIR, UPPLÝSINGAMIÐLUN OG SAMSKIPTI, STARFSHÆTTIR

STYRKLEIKAR

- Skólabragur einkennist almennt af viðurkenningu, sanngirni og virðingu.
- Nemendur upplifa almennt að þeir séu hluti af bekk og bekkjarandinn sé góður.
- Sýnilegt er að heyrnarlausir og heyrnarskertir nemendur stunda þar nám.
- Í Hlíðaskóla er litið á stuðning sem hluta af og eðlilegan þátt í skólastarfinu.
- 96% nemenda sem tóku þátt í könnun í 6. og 9. bekk segja kennara ætlast til þess að þeir taki ábyrgð á námi sínu.
- Sérstaklega vel hefur verið tekið á móti nemendum úr öðrum skólum.
- Heildaráætlun um skipulag sértæks stuðnings við nemendur hefur verið gerð.
- Skimanir og kannanir eru markvisst lagðar fyrir nemendur til að finna þá sem þurfa sérstakan stuðning í námi.
- Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning.
- Gerð er grein fyrir markmiðum og leiðum í einstaklingsnámskrám og fram koma upplýsingar um styrkleika og veikleika nemandans.
- Stuðningsfulltrúar hafa aðgang að öllum einstaklingsnámskrám sem tilheyra þeim börnum sem þeir vinna með.
- Á heimasíðu Hlíðaskóla eru birtar móttökuáætlanir nemenda með sérþarfir, upplýsingar um tilfærsluáætlun og áætlun um móttöku nýrra nemenda.
- Samvinna kennara byggir á sameiginlegri ákvarðanatöku varðandi útfærslu og lausnir og starfsfólk deilir með sér ábyrgð á námi og velferð nemendahópsins.
- Fundartímar hvers árgangs er í hverri viku og fundir allra starfsmanna eru einu sinni í mánuði.
- Hlíðaskóli skilgreinir sig sem tvítyngdan skóla þar sem íslenska og íslenskt táknmál eiga að vera jafnréttá.
- Þegar nemendur hefja nám í Hlíðaskóla er alltaf notaður túlkur, bæði í móttökuvíðtali og öðrum víðtölum, eftir þörfum.
- Á táknmálssviði Hlíðaskóla er sérhæfð þekking meðal starfsmanna sem nýtist heyrnarlausum og heyrnarskertum nemendum.
- Einu sinni í viku (3 kennslustundir í senn) fara heyrnarlausir/heyrnarskertir nemendur á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra til að auka við kunnáttu sína í táknmáli og eigi stund með öðrum heyrnarlausum/heyrnarskertum börnum.
- Aðstaða skólans er að flestu leyti mjög góð og kennsluhættir nokkuð fjölbreyttir.
- Allir nemendur hafa jöfn tækifæri til þátttöku í ferðum og viðburðum á vegum skólans.
- 87% þeirra sem tóku þátt eru mjög eða frekar sammála því að að kennararnir hvetji þá til að gera sitt besta í námi.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Móta þarf sameiginlega sýn um skóla án aðgreiningar með þátttöku allra hagsmunaaðila skólans og með forystu skólastjórnenda.
- Mikilvægt er að skoða sérstaklega hóp nemenda sem eru heyrnarlausir eða heyrnarskertir þegar umræða um sýn skólans á skólastarf án aðgreiningar fer fram.
- Nauðsynlegt er að skýra muninn á hugtökunum blöndun og skóli án aðgreiningar.
- Tengja þarf einstaklingsnámskrár við bekkjarnámskrá eða aðalnámskrá til að draga fram

samhengið milli markmiða, leiða, náms og kennsluaðferða.

- Foreldrar og nemendur ættu að taka þátt í mótun eða áherslum einstaklingsnámskrár.
- Gera þarf grein fyrir áhugamálum nemenda og helstu áskorunum í einstaklingsnámskrám og væntingum foreldra.
- Tryggja að einstaklingsnámskrár séu gerðar fyrir nemendur af erlendum uppruna.
- Leita ætti leiða til að efla tengingu nemenda með annað móðurmál en íslensku við aðra nemendur.
- Skýra sýn og stefnu þarf að móta um nám og kennslu nemenda með annað tungumál en íslensku.
- Gott væri að fá fræðslu um virkt tvítýngi fyrir allt starfsfólk.
- Birta ætti skimunaráætlun á heimasíðu skólans.
- Gera þarf verkferla um samvinnu skólastiga sýnilega.
- Mikilvægt er að sérkennsluteymið fundi reglulega og markvisst þar sem m.a. er farið yfir upplýsingar og gengi nemenda og niðurstöður úr greiningum og skimunum.
- Birta þarf starfsreglur um meðferð mála á heimasíðu.
- Mikilvægt er að upplýsingar um skólann á heimasíðu hans séu á fleiri tungumálum en íslensku.
- Sóknarfæri eru í kennsluháttum með auknum samræðum og samstarfi nemenda.
- Mikilvægt er að útfæra allt námsmat með hliðsjón af nýrri aðalnámskrá og hæfniviðmiðum og matsviðmiðum.
- Gera þarf stefnumótun um táknmálssvið með þarfir nemendahópsins í brennidepli.
- Tryggja þarf að heyrnarlausir og heyrnarskertir nemendur fái góðar útskýringar á verkefnum, vinnubrögð séu fjölbreytt og að kröfur séu gerðar til nemenda.
- Tryggja þarf að markmið og viðmið séu heyrnarlausum og heyrnarskertum nemendum ávallt ljós í kennslustundum.
- Mikilvægt er að öllum starfsmönnum sé ljóst hvert hlutvert þeirra er í kennslustundinni þannig að mannauður nýtist sem best.

Við matið voru 45 kennslustundir heimsóttar þar sem matsaðilar skráðu hvaða kennsluaðferðir voru notaðar. Jafnframt því var skráð hvernig val á verkefnum fór fram, hvernig útfærsla þeirra var, hvort nemendur unnu einstaklingslega eða í samvinnu, hvort markmið voru kynnt nemendum í kennslustundinni og að lokum hvernig kennslustundin var metin í heildina.

Oftast var merkt við fleiri en eina kennsluaðferð í hverri kennslustund (tafla 3). Þar kemur fram að innlögn var í 59% þeirra stunda sem matsaðilar heimsóttu, verkefnavinna var í 55% kennslustunda, þemavinna í 27% kennslustunda og sköpun og tjáning var í 25% kennslustunda. Markviss samvinna var í 25% kennslustund og sjálfstæð vinna eða eigið val nemenda var í 16% kennslustunda. Verklegt var í 9% kennslustunda og bekkjafundur var í einni kennslustund (2%). Innlögn kennara var í rúmum helmingi kennslustunda en mikilvægt er að huga vel að því að nemendum sé ávallt ljóst hver markmið kennslustunda er. Markviss samvinna nemenda var í 25% kennslustunda og þar eru einnig tækifæri fyrir skólann til að efla sig enn frekar.

Tafla 3: Kennsluaðferðir notaðar í 45 kennslustundum í Hlíðaskóla.

Kennsluaðferðir	Fjöldi	Hlutfall
Innlögn	26	59%
Verkefnavinna	24	55%
Þemavinna	12	27%
Sköpun og tjáning	11	25%
Markviss samvinna	11	25%
Sjálfstæð vinna / eigið val	7	16%
Verklegt	4	9%
Bekkjafundur	1	2%
	96	218%

Þegar val á verkefnum voru skoðuð í kennslustundum kom í ljós að í 87% kennslustunda ákvað kennarinn verkefnin, nemandinn valdi verkefni í 7% kennslustunda og í 7% kennslustunda ákváðu bæði kennari og nemandi verkefnið.

Tafla 4: Val á verkefnum í 45 kennslustundum í Hlíðaskóla.


Val á verkefnum		
	Fjöldi	Hlutfall
Kennari ákveður verkefni	39	87%
Nemendur velja verkefni	3	7%
Bæði kennari og nemendur ákveða	3	7%
Samtals	45	100%

Útfærsla verkefna var ákveðin af kennara í 78% kennslustunda sem heimsóttar voru og í 22% kennslustunda höfðu nemendur val um útfærslu. Tækifæri liggja í því að auka val nemenda á útfærslu verkefna enn frekar.

Tafla 5: Val á útfærslu í 45 kennslustundum í Hlíðaskóla.


Val á útfærslu		
	Fjöldi	Hlutfall
Nemendur hafa val um útfærslu	10	22%
Kennari val um útfærslu	35	78%
Samtals	45	100%

Í kennslustundum sem heimsóttar voru, var meiri áhersla á einstaklingsvinnu en markvissa samvinnu, enda þó hún sé til staðar. Einstaklingsvinna var í 56% þeirra kennslustunda sem heimsóttar voru, blanda af einstaklings- og samvinnu var í 27% kennslustunda og í 18 % kennslustunda voru nemendur að vinna saman. Tækifæri liggja í því að auka markvissa samvinnu enn frekar í skólanum eins og bent var á hér að framan.




Mynd 1: Vinna í 45 kennslustundum, einstaklingsvinna eða samvinna.

Notkun upplýsingatækni í þeim kennslustundum sem matsaðilar fóru í var fremur lítil meðal nemenda. Í 47% kennslustunda voru hvorki nemendur né kennarar að nota tölvu- eða upplýsingatækni, í 47% kennslustunda notuðu kennarar tölvu- og upplýsingatækni og í 2% kennslustunda notuðu bæði kennarar og nemendur tölvu- og upplýsingatækni. Aðeins í 4% kennslustunda notuðu nemendur tölvu- og upplýsingatækni í kennslustundinni. Samtals voru nemendur því aðeins í 6% kennslustunda að nota tölvu- og upplýsingatækni.



Mynd 2: Notkun tölvu- og upplýsingatækni í 45 kennslustundum í Hlíðaskóla.

Þegar skoðað var hvort kennarar gerðu nemendum grein fyrir markmiðum í kennslustundunum, kom í ljós að í 56% kennslustundanna voru markmið kynnt nemendum en í 42% kennslustunda var það hins vegar ekki gert. Í einni kennslustund var próf hjá nemendum og því var þessi þáttur ekki metinn. Sóknaðfæri eru fyrir kennara að efla þennan þátt og kynna markvisst hver markmið kennslustunda eru og gera sýnileg fyrir nemendum.



Mynd 3: Voru markmið kennslustundarinnar kynnt fyrir nemendum?

Kennslustundir voru metnar eftir viðmiðum um gæði í kennslustundum (fylgiskjal 1 og 2) í vettvangsskoðunum matsaðila. Þar voru 83% kennslustunda metnar góðar eða frábærar og 17% þarf að bæta (6 kennslustundir) eða óviðunandi (tvær kennslustundir).

Tafla 6: Mat á 45 kennslustundum í Hlíðaskóla.

Mat á kennslustundum		
	Fjöldi	Hlutfall
Frábær	7	16%
Góð	30	67%
Þarf að bæta	6	13%
Óviðunandi	2	4%
Samtals	45	100%

Stjórnun			Nám og kennsla		
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þátttaka og ábyrgð nemenda	Skóli án aðgreiningar
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfsáætlun og skólanámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Menning og viðhorf
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda	Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og námsumhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Námskrá og áætlanir
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Kennsluhættir og gæði kennslu		Upplýsingmiðlun og samskipti
Skólaþróun			Námshættir og námsvitund		Starfshættir

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar þar sem **dökkgrænt** sýnir mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf, **ljósgrænt** gott verklag þar sem flestir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, **gult** þýðir að einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta og **rautt** að verklag er óviðunandi og uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.

Viðmið um mat á gæðum kennslustundar.

Frábær

Kennslustundin telst a.m.k. góð í öllum meginatriðum og til fyrirmyndar í ákveðnum þáttum sem sést á því að allir nemendur taka greinilegum framförum.

Góð

Flestir nemendur ná árangri vegna góðrar kennslu. Hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir. Þeir vinna í öruggu og vinsamlegu umhverfi.

Kennslan byggir á öruggri þekkingu á námsgreininni ásamt vel skipulögðum verkefnum sem nemendur fást við. Verkefnin mæta vel ólíkum þörfum nemenda svo flestir fá verkefni við hæfi. Kennsluaðferðir eru í samræmi við markmið kennslustundarinnar og þarfir nemenda. Stuðningsfulltrúar og aðrar bjargar eru vel nýttar og tími vel nýttur. Mat á verkum nemenda er stöðugt, samræmt og styður við framfarir.

Þarf að bæta

Kennslustundin telst ekki óviðunandi í neinum meginþáttum og kann að vera góð í sumum þáttum sem kemur fram í því að flestir nemendur njóta stundarinnar og ná viðunandi árangri.

Óviðunandi

Kennslustund getur ekki talist viðunandi ef:

- Flestir nemendur eða ákveðinn hluti nemendahópsins ná ekki fullnægjandi árangri.
- Almenn hegðun nemenda eða viðhorf eru óviðunandi og ekki virðist vera stuðlað að alhliða þroska og menntun.
- Heilsa eða öryggi nemenda er ekki tryggt.

Kennslan er óviðunandi. Óviðunandi kennsla einkennist að öllum líkindum af einu eða fleiri eftirfarandi:

- Lítil þekking á námskrá sem leiðir af sér ónákvæmni í kennslu og litlar kröfur til nemenda.
- Verkefni ríma ekki við fyrri þekkingu nemenda.
- Bekkjarstjórnun er ábótavant.
- Aðferðir henta ekki námsmarkmiðum eða ná ekki að vekja áhuga nemenda.
- Óviðunandi nýting bjarga, þ.m.t. aðstoðarmanna og tímans sem til ráðstöfunar er.
- Lítil áhersla er á mat og endurgjöf.

Vettvangsathugun – gátlisti Matsaðili:	Skóli
Bekkur:	Dags./vikud.:
Námsgrein:	Kl.(upphaf-lok)
Kennari: Aðrir starfsmenn:fjöldi/hlutverk	Fjöldi nemenda í stundinni: Fjöldi nemenda í sérúrræði:
Kennsluhættir: <i>(merkja hámark við 3) Innlögn, verkefnavinna, þemavinna, verklegt, sköpun og tjáning, tilraunir, markviss samvinna, sjálfstæð vinna/eigið val, bekkjarfundur</i>	Samvinna nemenda/einstaklingsvinna. Nemendur nota UT: Kennari notar UT:
Kennari ákveður verkefni og útfærslu þess Nemendur hafa val um verkefni og/eða útfærslu verkefnis	Markmið stundarinnar eru gerð sýnileg eða kynnt: Já/nei

Skipulag kennslustofunnar	
Sætaskipan/uppröðun	
Hvað er á veggjum/töflunni/ reglur sýnilegar	
Tölvur og tækni	
Kennslugögn	
Staðsetning kennarans	
Aðrir starfsmenn/virkni þeirra	
Annað	
Framvinda kennslustundarinnar	
Upphaf kennslustundar: <i>Hvernig er tekið á móti nemendum? Er heilsað? Nafnakall ?</i>	
Kennslustundin er vel undirbúin	
Kveikja/ áhugi vakinn	
Tíminn er vel nýttur (nemendur virkir á 5 mín.)	
Kennarinn dregur saman í lokin	
Kennslustund lýkur formlega	
Markmið, mat og endurgjöf	
Hver eru markmið stundarinnar?	
Nemendur þekkja markmiðin	
Viðmið um árangur eru sýnileg	
Nemendur fá leiðbeinandi endurgjöf (leiðsagnarmat)	
Námsmat er fjölbreytt	
Sjálfsmat og/eða jafningjamat	
Skriflegt mat kennara kemur fram í vinnubókum eða annarsstaðar	
Samskipti og samstarf	
Fjölbreytileikinn er virtur	
Samskipti nemenda er jákvæð	

Gagnkvæm virðing ríkir fyrir öllum			
Samvinna er markvisst þjálfuð			
Vinnufriður			
Markviss bekkjarstjórnun			
Kennsluaðferðir og vinnutilhögun			
Kennslan er skipulögð til að mæta ólíkum þörfum nemenda			
Nemendur hafa val			
Verkefnin eru krefjandi			
Verkefnin eru heildstæð og samþætt			
Allir nemendur eru virkir			
Kennsluhættir hæfa verkefnum			
Kennsluhættir eru fjölbreyttir			
Nemendur þjálfast í sjálfstæði			
Nemendum er kennt að setja sér markmið			
Nemendur nýta sér mismunandi leiðir í náminu m.a. upplýsingatækni			
Nemendur fá þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri			
Tíminn sem nemendur fá til að tjá sig um námið er ekki minni en tími kennarans			
Námsaðlögun			
Kennslan er löguð að stöðu nemenda			
Verkefnin eru í samræmi við námsmarkmið hvers og eins			
Nám tekur mið af áhuga og hæfni nemenda			
Nemendahópar vinna að mismunandi verkefnum með fjölbreyttum aðferðum			
Nemendur geta valið sér námsaðferðir			
Grunnþættir menntunar skv. aðalnámskrá eru sýnilegir			
Læsi			
Sjálfbærni			
Heilbrigði og velferð			
Lýðræði og mannréttindi			
Jafnrétti			
Sköpun			
Tvö atriði sem eru vel gerð og eitt sem má bæta:			
Frábær	Góð	Þarf að bæta	Óviðunandi